


Messur



Guðsþjónustur í Reykjavík prófastsdæmi sunnudaginn 6. sept. 1987. **Árbæjarkirkja:** Messuferð kirkjukórs Árbæjarsóknar verður farin til Þingeyra í Húnaþingi sunnudag 6. sept. Kórinn syngur við guðsþjónustu í Þingeyrakirkju kl. 14 ásamt kirkjukór Þingeyrasóknar. Organleikari Jón Mýrdal. Sóknarprestur Árbæjarprestakalls prédikar og sr. Árni Sigurðsson, sóknarprestur á Blönduósi, þjónar fyrir altari. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtiþingakall: Guðsþjónusta í Breiðholtiþingaskóla kl. 11. Organisti Daníel Jónasson. Sr. Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Jónas Þórir. Prestur sr. Ólafur Jens Sigurðsson. Æskulýðsfundur þriðjudagskvöld. Sóknarnefndin.

Dómkirkjan: Messa kl. 11. Dómkórinn syngur. Organleikari Marteinn Hunger Friðriksson. Leikið verður á orgel kirkjunnar í 20 mín. áður en messan hefst. Sr. Þórir Stephensen.

Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Gylfi Jónsson.

Fella- og Hólakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Ragnheiður Sverrisdóttir djákni messar. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Sr. Hreinn Hjartarson.

Frikirkjan í Reykjavík: Fyrsta barnaguðsþjónustan á þessu hausti kl. 11. Guðspjallið í myndum. Barnasálmar og smábarnasöngvar. Afmælisbörn boðin sérstaklega velkomin. Framhaldssaga. Við pianóið Pavel Smid. Sr. Gunnar Björnsson.

Grensáskirkja: Messa kl. 11. Organisti Árni Arinbjarnarson. Sr. Halldór S. Gröndal.

Hallgrímskirkja: Messa kl. 11. Altarísanga. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þriðjudag: Fyrirbænamessa kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.

Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

Háteigskirkja: Messa kl. 11. Organisti Orthulf Prunner. Sr. Arngrímur Jónsson.

Kópavogskirkja: Messa í Kópavogskirkju kl. 11 árdegis. (Altarísanga.) Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja: Kirkja Guðbrands biskups. Guðsþjónusta kl. 11. Eín-söngur: Harpa Harðardóttir, við undirleik Áshildar Haraldsdóttur á flautu. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Organisti Jón Stefánsson. Sóknarnefndin.

Laugarneskirkja: Minni á guðsþjónustu í Áskirkju kl. 11 árdegis sunnudag. Sóknarprestur.

Neskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Miðvikudag: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

Seljasókn: Guðsþjónusta í Ölduselskóla kl. 11. Sr. Gylfi Jónsson.

Seltjarnarneskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Sighvatur Jónasson. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir.

Frikirkjan í Hafnarfirði: Guðsþjónusta kl. 14. Orgel- og kórstjórn Örn Falkner. Einar Eyjólfsson.

Víðistaðasókn: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Sigurður Helgi Guðmundsson.


Tilkynningar

Frikirkjan í Reykjavík: Fyrsta barnaguðsþjónusta haustsins á sunnudaginn

Á sunnudaginn kemur, 6. september, verður barnaguðsþjónusta í Frikirkjunni í Reykjavík kl. 11.00. Er það fyrsta barnaguðsþjónustan á þessu hausti.

Guðspjall dagsins er útskýrt með hjálp mynda á töflu. Smábarnasöngvar og barnasálmar eru sungnir. Börn, sem átt hafa afmæli frá því í vor, eru boðin sér

Vilhjálmur Bergsson í Norræna húsinu



Vilhjálmur hefur haldið fjölda sýninga víða um heim og á fjöldi listasafna stórborganna verk eftir hann.

Á sýningu Vilhjálms Bergssonar, sem verður opnuð í Norræna húsinu á laugardag kl. 14.00, verða 47 myndir, 9 kol- og blýantsteikningar, 15 vatnslitamyndir og 23 olíumálverk. Sýningin verður opin frá klukkan 2-10 daglega, einnig um helgar til 20. september.

Vilhjálmur nam í listaskóla í Kaupmannahöfn á árunum 1958 til 1960 og fór síðan til Parísar í Notre Dame Champs skólann. Hann hefur haldið fjölda einka- og samsýninga víða um lönd, þar á meðal margar í Kaupmannahöfn, París, Dusseldorf og New York, svo eitt-hvað sé nefnt. Mörg listasöfn stórborganna eiga einnig eftir hann fjölda listaverka.


Akureyri:

Listkynning á verkum Kristínar Guðrúnar

Menningarsamtök Norðlendinga, MENOR, og Alþýðubankinn á Akureyri kynna nú myndlistarkonuna Kristínu Guðrúnu í útibúi Alþýðubankans á Akureyri.

Kristín Guðrún er fædd 15. apríl 1963 og lauk stúdentsprófi frá MA 1983. Um haustið sama ár innritaðist hún í fornámsdeild Myndlistarskólans á Akureyri eftir að hún hafði verið þar á námskeiðum frá barnaldri. Haustið '84 fór hún í Myndlista- og handiðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan síðastliðið vor. Hún ætlar svo að halda til náms á erlendri grund.

Á listkynningunni eru 7 verk, 4 unnin með olíu á striga og 3 mónógrafísk verk. Listkynningin stendur til 16 október.



Kristín Guðrún sýnir 4 verk, unnin í olíu á striga, og 3 mónógrafísk verk.

Septemhópurinn á Kjarvalsstöðum



Fimm listamannanna úr Septemhópnum sem sýnir á Kjarvalsstöðum næstu tvær vikurnar.

Septemhópurinn opnar sýningu á Kjarvalsstöðum kl. 14.00 á laugardag og stendur sýning þeirra um tveggja vikna skeið. Hafa þeir unnið að því að halda sýningu árlega í september ásamt einum erlendum listamanni en í ár verður enginn útlendur listamaður með í för.

Sex listamenn úr hópnum sýna 53 olíumálverk og skúlptúra. Það eru: Valtýr Pétursson, Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur Benediktsson, Jóhannes Jóhannsson, Kristján Davíðsson og Hafsteinn Austmann, en þeir eru fleiri sem í hópnum eru.

Ýmislegt

Flóamarkaður

Félag einstæðra foreldra heldur flóamarkað í Skerjarnesi 6 laugardaginn 5. september kl. 14-17. Nýir skór á gjafverði og margt fleira sem freistar.

Flærnar

Hársnyrting og fót snyrting

fyrir aldraða hefst aftur eftir sumarfrí, miðvikudaginn 9. sept. nk. í safnaðarheimili Neskirkju.

Kvenfélag Neskirkju

Landakotsspítali

Breyting á síðdegisheimsóknartíma: Frá og með 7. september breytist síðdegistíminn þannig: Frá 18.30-19.00, síðdegistímar eru óbreyttir.

Íslensk atvinnumiðlun hf.

Sett hefur verið á stöfn í Reykjavík vinnumiðlun undir nafninu Íslensk atvinnumiðlun hf., ICEJOB. Eins og nafnið bendir til er starfsemi fyrirtækisins fölginn í vinnumiðlun og alhliða ráðningarpjónustu við stofnanir og fyrirtæki sem eru að leita eftir erlendu starfsfólki. Í byrjun munum við einbeita okkur að norrænum vinnumarkaði en markmið okkar er að snúa okkur í náinni framtíð að vinnumarkaði utan Norðurlandanna.

Forstöðumaður Íslenskrar atvinnumiðlunar hf. er Eyjólfur Pétur Hafstein, sem hefur að baki starfsreynslu á sviði vinnumiðlunar milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Eyjólfur Pétur var forstöðumaður NORDJOB vinnumiðlunarinnar á Íslandi, en NORDJOB sér um miðla sumarstarfi til norrænna ungmenna.

Með þessari þjónustu viljum við koma til móts við þarfir íslensks atvinnulífs í þeirri markaði sem nú er ríkjandi á atvinnumarkaði hérlendis.

Ferðalög

Haustferð

Hin árlega „13. september ferð“ Jökla- rannsóknafélagsins í Jökulheima verður farin föstudaginn 11. september 1987 kl. 20 frá Guðmundi Jónassyni hf. (austurdyr). Þátttaka tilkynnist til Stefáns Bjarnasonar, vinnusími 686125 (heima 37392) eða Ástvalds Guðmundssonar, vinnusími 686312.

Helgarfeðir Ferðafélagsins 4.-6. sept.:

1) Þórsmörk

Gist í Skagfjörðsskála/Langadal. Göngu- ferðir við allra hæfi um Mörkina. Aðstaðan í Skagfjörðsskála er sú besta sem gerist í öbyggðum. Njótið dvalar í Þórsmörk hjá Ferðafélagi Íslands.

2) Landmannalaugar - Eldgjá

Gist í seluhúsi Ferðafélagsins í Laugum.



Frá skemmtiferð barnamessufólks Frikirkjunnar út í Víðey í vor leið.

staklega velkomin og fá svolitinn glaðing. Þá er lesin framhaldssaga. Við pianóið er Pavel Smid frikirkjuorganisti.

Hvert barn fær í hendur spjald með helgimynd. Í hverri barnamessu er límt sérstakt mætingamerki á spjaldið. Verðlaun fyrir góða ástundun eru veitt tvisvar á vetri: eftir áramót og í vor.

Foreldrar svo og afar og ömmur eru hvött til þess að koma með börn sín í barnaguðsþjónusturnar, sem eru haldnar að jafnaði annan hvern sunnudag kl. 11.00 árdegis.

Gildran á Akureyri

Nú gefst Akureyringum færi á að heyrja í Gildrunni en hljómsveitin hefur vakið mikla athygli á tónleikum sínum í Reykjavík þar sem hún hefur verið að kynna efni af plötu sinni, Huldumenn. Gildran mun leika í H-100 föstudags- og laugardagskvöld 4. og 5. september.



Gildran mun leika í H-100 föstudags- og laugardagskvöld 4. og 5. september.